

**Breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar  
og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013**

**Síðari umræða**

63. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

63. gr.  
*Kosning í ráð.*

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

**A. Til eins árs:**

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og jafnmarga til vara.

**B. Til fjögurra ára:**

1. Sjö menn í mannréttinda- og lýðræðisráð og sjö til vara. Formannskjör.
2. Sjö menn í menningar-, íþróttá- og tómstundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
3. Sjö menn í skipulags- og samgönguráð og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö menn í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö menn í umhverfis- og heilbrigðisráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö menn í velferðarráð og sjö til vara. Formannskjör.

Aðalmenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðalmanna í borgarstjórn og fyrstu varamanna hvers framboðsaðila. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varafulltrúa í borgarstjórn.

64. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

64. gr.  
*Kosning annarra nefnda.*

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 63. gr. kýs hún eftirtaldar nefndir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

**A. Til eins árs:**

1. Fimm menn í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm menn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fimm til vara. Formannskjör.

**B. Til fjögurra ára:**

1. Einn mann í almannavarnanefnd og tvo til vara.
2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
3. Þrjú menn í endurskoðunarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
4. Tvo menn í ferlinefnd fatlaðs fólks og tvo til vara. Formannskjör.
5. Tvo menn í fjölmenningsráð og tvo til vara. Formannskjör.
6. Fimm menn í hvert hverfisráð og fimm til vara. Formannskjör.
7. Þrjú menn í innkauparáð og þrjú til vara. Formannskjör.
8. Þrjú menn í ofbeldisvarnarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
9. Þrjú menn í stjórn Brúar lífeyrissjóðs og þrjú til vara.

10. Tvo menn í öldungaráð og tvo til vara. Formannskjör.

Aðalmenn í nefndum sem taldar eru upp í 4., 5., 7., 8. og 10. tl. B-liðar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn.

## **Breyting á viðaukum við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013**

### **Síðari umræða**

Lagt er til að viðauki 1.2 um fullnaðarafgreiðslu skóla- og frístundaráðs verði felldur niður.

Samþykkt um viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar verður því svohljóðandi:

Við samþykktina eru sjö viðaukar um fullnaðarafgreiðslu nefnda, ráða, stjórna eða annarra aðila innan stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar í samræmi við heimildir 58. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðaukarnir varða fullnaðarafgreiðslu á eftirtöldum málefnasviðum borgarinnar:

1. umhverfis- og skipulagsráðs (viðauki 1.1),
2. skrifstofustjóra borgarstjórnar (viðauki 2.1),
3. framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar (viðauki 2.2),
4. skipulagsfulltrúa (viðauki 2.3),
5. byggingarfulltrúa (viðauki 2.4),
6. sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs (viðauki 2.5),
7. sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs (viðauki 2.6).